

# SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið  
b.t. Atvinnuveganefndar Alþingis

Reykjavík 9. desember 2013

Kirkjustræti  
101 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/583**  
**komudagur 9.12.2013**

1312018SA VRH  
Málalykill:555

**Efni: Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum.**

Samtök orkusveitarfélaga fagna fram kominni þingsályktunartillögu og vonast til þess að um hana geti skapast breið sátt á Alþingi. Í greinargerð með tillögunni og í framsögu 1. flutningsmanns hennar á Alþingi þann 17. október sl. var gerð fyrirtaks grein fyrir rökum að baki tillögunni og getur SO tekið undir það sem þar kemur fram. Þá vilja samtökin fagna því sérstaklega að gert sé ráð fyrir beinni aðkomu SO að þeirri vinnu sem framundan er við að móta regluverk um nýtingu orkuauðlinda.

Tilgangurinn með stofnun Samtaka orkusveitarfélaga í nóvember 2011 var fyrst og fremst sá að vinna að því að sveitarfélög þar sem er að finna orkuauðlindir njóti með einhverjum hætti tekna af nýtingu þeirra. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda er grundvöllur hagsældar fyrir þjóðina alla. Við slíka nýtingu getur orðið til verulegur arður. Þetta hefur verið staðreynd um langt árabíl í sjávarútvegi og með örum breytingum á orkumarkaði, bæði hér heima og erlendis, má búast við að verulegur arður geti í framtíðinni orðið af orkuvinnslu hér á landi.

Að mati SO er það nauðsynleg forsenda sjálfbærrar nýtingar þessara auðlinda að arðinum af þeim sé skipt með sanngjörnum hætti á milli hagsmunaaðila. Samtökin hafa í starfi sínu byggt á því að um sé að ræða fimm aðila en þetta eru eigandi auðlindarinnar, orkuframleiðandinn, orkukaupandinn, þjóðin og nærsamfélagið. Að mati samtakanna er einnig eðlilegt að fulltrúar tveggja síðasttöldu hagsmunaaðilanna séu ríkisvaldið, fyrir hönd þjóðarinnar, og sveitarfélög á virkjanasvæðum, f.h. nærsamfélagsins.

Í stefnumörkun stjórnar SO kemur fram að mikilvægt er að þegar horft er til þeirra sveitarfélaga sem eðlilegt er að njóti hluta af arði af orkuvinnslu, þá sé ekki rétt að beita of þröngri skilgreiningu. Þannig sé ekki eðlilegt að miða við að aðeins sveitarfélög sem hýsa stíflur eða stöðvarhús eigi rétt á hlutdeild í arðinum, heldur verði að miða við að öll sveitarfélög sem vatna- eða varmasvæði viðkomandi virkjunar nær til, njóti þessarar hlutdeildar. Skilgreining á þessum svæðum er verkefni vísindamanna á viðkomandi sviðum sem ættu að geta skapað hlutlæg viðmið sem sátt getur skapast um.

Rökin fyrir hlutdeild nærsamfélaga í arði af nýtingu náttúruauðlinda eru margvísleg. Ætti þar að nægja að nefna að það er í þessum samfélögum sem neikvæð áhrif orkuvinnslu koma fram. Þá er einnig undantekning að orkan sem unnin er nýtist innan þessara sömu samfélaga.

Einnig má færa rök fyrir því að skipting arðsins milli framangreindra hópa sé til þess fallin að skapa meira jafnvægi í ákvarðanatöku um orkunýtingu. Í

núverandi kerfi má segja að of mikil áhersla hafi orðið á einstaka þætti í stað heildarmyndarinnar og ákvarðanatöku hafi með of miklum hætti mótast afstöðu ríkisins sem orkuframleiðanda og síðan af hagsmunum orkukaupanda. Eina leið nærsamfélaga til að njóta arðs af orkuvinnslunni innan núverandi kerfis er að sækjast eftir því að orkufrek starfsemi sé sett á fót á svæðinu. Með því að sveitarfélögin fái beinan arð af framleiðslunni geta þau tekið þá stefnu að nýta arðinn í uppbyggingu á annarri starfsemi eða þjónustu, allt eftir því sem kjörnir fulltrúar ákveða á hverjum tíma.


Þessi sjónarmið eiga að flestu leyti með sama hætti við um nýtingu allra náttúruauðlinda, hvort sem um er að ræða orkuvinnslu, sjávarútveg eða annað og því telur SO að það sé rétt og eðlilegt að skoða þessi mál í heildarsamhengi eins og lagt er upp með í fyrirbyggjandi tillögu.

Samtök orkusveitarfélaga vilja einnig ítreka það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að í Noregi er að finna fyrirmynd að skattkerfi í orkuiðnaði sem tryggir eðlilega dreifingu arðs á milli hagsmunahópa og hefur orðið grunnur að víðtækri sátt í málaflokknum þar í landi. SO hvetur því til þess að við vinnu á grundvelli fyrirbyggjandi tillögu verði leitað til norðmanna um fyrirmyndir, enda eðlilegt að byggja á jákvæðri reynslu nágrannalanda í svipaðri stöðu.

Samtökin hvetja þingheim til þess að samþykkja tillöguna og viðkomandi ráðherra og ráðuneyti til að fylgja efni hennar eftir. Jafnframt er góðfúslega óskað eftir því að SO fái tækifæri til að senda fulltrúa á fund atvinnuveganefndar þegar mál þetta verður tekið fyrir í nefndinni til að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum og starfsemi samtakanna.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga



Valur Rafn Halldórsson  
starfsmaður Samtaka orkusveitarfélaga